

**494. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. mars 2018 og  
hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Jón Hreinsson formaður, Sigurður Mar Óskarsson aðalmaður, Guðfinna M Hreiðarsdóttir aðalmaður og Ásvaldur Magnússon áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Úlfsá - Umsókn um framkvæmdaleyfi - 2018030010**

Birkir Þór Guðmundsson sækir um framkvæmdaleyfi f.h. AB-Fasteigna ehf. vegna virkjunar Úlfsár. Sótt er um heimild bæjaryfirvalda til þess að reisa allt að 200 kW sírennslisvirkjun. Meðfylgjandi gögn eru erindisbréf dags. 26.02.2018

Ódagsett yfirlitsmynd

Hnitsettur uppdráttur frá K.J. Hönnun dags. 22.02.2018

Grunnmynd og útlit af stövarhúsi frá K.J. Hönnun dags.28.11.2017,

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og AB Fasteigna ehf.

*Erindi frestað, óskað er frekari gagna.*

**2. Hafnarbakki 1. Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnaði - 2018020057**

Þorgils Þorgilsson, f.h. Walvis ehf., sækir um lóð að Hafnarbakka 2 skv. umsókn dags. 14.02.2018

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Walvis ehf. fái lóð við Hafnarbakka 1, skv. nógildandi skipulagi og umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

**3. Umsókn um framkvæmdaleyfi - Klúkuvirkjun - 2018030017**

AB-Fasteignir sækja um framkvæmdaleyfi f.h. Björns og Svavars Birkissona í Botni og Birkihlið í Súgandafirði, sem jafnframt eru landeigendur að Kvíanesá og Klúkulækjum, fyrir allt að 200kW sírennslisvirkjun í Klúkulækjum og Kvíanesá. Fylgigögn er hnitsettur uppdráttur frá K.J. Hönnun ehf. ásamt greinargerð.

Yfirlýsing dags. 05.03.2018

*Erindi frestað, byggingafultrúa falið að vinna málið áfram.*

**4. Umsókn um stöðuleyfi - 2018030018**

Robert Schmidt sækir um stöðuleyfi f.h. Icelandic Pro Fishing, vegna uppsáturs báta fyrir veturinn 2018-2019, einnig er sótt um heimild fyrir aðstöðugám.

Fylgigögn eru tölvupóstur dags. 17.01.2017

Ódagsettur uppdráttur frá tæknideild og ljósmyndir

*Óskað er eftir afstöðu hafnarstjórnar.*

**5. Torfnæs - Nýtt Deiliskipulag - 2017030092**

Þann 9. feb. sl. var óveruleg breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna fjölnotahúss við Torfnæs, staðfest af hálfu Skipulagsstofnunar og auglýsing birt í b-deild. Deiliskipulagstillaga frá Verkís dags. 19.07.2017 er lögð fyrir að nýju.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu frá Verkís dags. 19.07.2017*

**6. Skróður, afsal lands til Ísafjarðarbæjar - 2018030020**

Kynnt drög að afsali vegna svokallaðs Skróðsreits.

*Gögn kynnt.*

**7. Breytingar á mannvirkjalögum - 2018030021**

Lagður fram tölvupóstur frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands Íslenskra Sveitafélaga, tölvupóstur dags. 28.02.2018 ásamt fylgiskjölum. Erindið var jafnframt vísað af bæjarráði til Skipulags- og mannvirkjanefndar, þar sem eftirfarandi var bókað.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og mannvirkjanefndar og felur nefndinni að gera umsögn fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir athugasemd við að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, hafi ekki séð ástæðu til þess að afla umsagna frá hagsmunaaðilum sem málið varða, s.s. sveitafélögum, bygginganefndum og eða byggingafulltrúum.*

*Nefndin lýsir jafnframt áhyggjum sínum á hugsanlegum kostnaðarauka fyrir byggingaraðila í smærri sveitafélögum úti á landi, þar sem skoðunarmaður þarf að vera til staðar vegna úttekta. Enn er óljóst hversu margir aðilar munu bjóða fram þjónustu og uppfylla kröfur um faggildingu og hvar starfsemi fagaðila muni fara fram.*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitafélaga dags. 28.02.2018, þar sem lögð er áhersla á þrískipta flokkun á grundvelli stærðar og vandstigs framkvæmda.*

*Jafnframt er gerð athugasemd við tölulíð a sem er breyting á 13. grein laganna. Í stað orðanna „Aðal- og séruppdrættir“ í 2. Tölul. 1. mgr. kemur:*

*„aðaluppdrættir“, nefndin telur mjög hæpið að gefa út byggingaleyfi út á aðaluppdrætti.*

*Nefndin leggur til við Alþingi að hafna frumvarpinu.*

**8. Umsókn um byggingaleyfi - Sundstræti 32 - 2017070010**

Ragnar Kristinn Ágústsson og Eiríkur Gísli Johannson sækja um heimild til þess að setja svalir á fjöleignahús við Sundstræti 32 þ.e. á þá hlið sem snýr að Sundstræti 30. Fylgigögn er ódagsettur uppdráttur frá Tækniþjónustu Vestfjarða og samþykkt eigenda við Sundstræti 32

*Lagt er til að erindið verði grenndarkynnt fyrir íbúum Sundstræti 30, 35, 35a og 35 b skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga, jafnframt óskað umsagnar eldvarnareftirlits.*

**9. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018 - 2018020003**

Lagður fram tölvupóstur Kristjönu Benediktsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingins, dagsettur 26. febrúar sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál. Umsagnarfrestur er til 13. mars nk.

Bæjarráð tók málið fyrir á 1008. fundi sínum 5. mars sl., og vísaði til nefndarinnar.

*Nefndin gerir ekki athugasemdir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30**

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

---

Ásvaldur Magnússon

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Axel Rodriguez Överby